

MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

Máltíð
mánaðarins
á KFC



i-twist
by KFC

Ný bragðupplifun

SUNNY & Yummy

Máltíð með frönskum
og gosi

kr.
899



www.kfc.is

BETRA
BRAGÐ Í **30** ÁR

HAFNARFIRÐI - KÓPAVOGI - REYKJAVÍK - SELFOSSI - REYKJANESBÆ - MOSFELLSBÆ - FOSSVOGI





Annað hvort fílar fólk mann eða ekki

GUÐRÚN DÖGG ÆTLAR EKKI AÐ HRASA ÞEGAR HÚN KRÝNIR ARFTAKA SINN

Mynd/Árni Sæberg

Guðrún Dögg lætur Ungfrú Ísland-kórónuna af hendi á föstudagskvöld

„Mér finnst ekki skipta miklu máli að fara eftir þeirri staðalmynd sem fylgir Ungfrú Ísland heldur bara vera maður sjálfur og annað hvort fílar fólk mann eða ekki,“ segir Guðrún Dögg Rúnarsdóttir, fráfaraði Ungfrú Ísland. Hún lætur titilinn af hendi annað kvöld þegar ný stúlka verður krýnd á Broadway.

„Sumir eru með gamaldags viðhorf og ætlast til þess að maður sé fullkominn,“ segir Guðrún Dögg, en í hennar huga er það ekki endilega hlutverk feegurardrottninga að vera fyrirmynd annarra. „Mér finnst aðalmálið vera að fara út og keppa fyrir Íslands hönd. Ég held það líti alls ekkert allar stelpur upp til Ungfrúar Ísland.“

Bannað innan 18 ára

Myndband sem sýnt var í Ungfrú Reykjavík í vetur vakti misjöfn viðbrögð en í því áúst þátttakendur róla sér í nærfötum einum klæða og þótti mörgum myndbandið gróft og jafnvel klámfengið. Þannig hefur myndbandavefurinn Youtube gripið til þess ráðs að banna mynd-

bandið þeim notendum sem eru yngri en 18 ára gamlir.

„Ég veit að myndbandið átti að líta rosalega vel út en þetta er komið út í svo miklar öfgar. Í Miss World og Miss Universe eru myndböndin svona svakalega gróf en á Íslandi þá finnst mér þetta ekki henta,“ segir Guðrún Dögg og telur að þetta hefði verið að ganga ekki alveg svona langt. „Ef ég væri amman eða afinn þá hefði ég allavega ekki viljað sjá barnabarnið mitt í þessu myndbandi.“

Vandræðalegt að detta

Þegar Guðrún Dögg horfir yfir farinn veg er hún ánægð með reynsluna og segir ekkert sem hún hefði viljað gera öðruvísi. Hún lumar þó á góðu ráði fyrir þá stúlku sem við

titlinum tekur. „Það verður alltaf fólk sem finnst að einhver annar hefði átt að vinna og ég vil bara ráðleggja næsta sigurvegara að taka það ekki

ÞEKKTAR ÚR UNGFRÚ ÍSLAND

- 1957 Bryndis Schram
- 1969 María Baldursdóttir
- 1983 Unnur Steinsson
- 1988 Linda Pétursdóttir
- 1995 Hrafnhildur Hafsteinsdóttir
- 2002 Manuela Ósk Harðardóttir
- 2003 Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir
- 2005 Unnur Birna Vilhjálmssdóttir

inn á sig ef hún fær einhverja slæma gagnrýni. Fyrst tók ég það svolítið inn á mig en svona er þetta bara,“ segir hún.

Aðspurð segist hún ekki ætla að fara út með plompi á sviðinu eins og forveri hennar, Unnur Birna, gerði og enginn virðist ætla að leyfa henni að gleyma. „Unnur Birna er yndisleg en þetta var svo vandræðalegt. Mig langar allavega ekki að lenda í því,“ segir hún og tekur undir að þetta hljóti að vera versta

martröð feegurardrottninga. „Og bara allra sem eru á sviði. Ef maður dettur á sviði þá er það bara mega vandræðalegt.“

Monitor mælir með

Á NETINU Cafesigrun.com er skemmtileg síða þar sem finna má glás af uppskriftum. Höfundur leggur mikið upp úr hollustu og hefur breytt uppskriftum til hins betra. Einnig er hægt að skoða uppskriftir að máltíðum sem kosta lítið. Tilvalið fyrir sælkera í aðhaldi og sparnaði að líta við og finna sér eitthvað sniðugt.



VIÐBURÐURINN Íslenska kvendandsliðið í handknattleik mætir því franska í gríðarlega mikilvægum leik næsta miðvikudagskvöld. Stúlkurnar vantar aðeins eitt stig til þess að komast á EM og vantar stuðning okkar allra til að ná því takmarki. Leikurinn hefst klukkan 20:15 og kostar aðeins þúsundkall inn í forsölu.

Í FATASKÁPNUM Herralagerinn er outlet-verslun í Skeifunni sem selur flottar merkjavörur á fátánlega góðu verði. Ef þig vantar jakkaföt eða kjól fyrir útskriftina er lagerinn algjörlega málið. Fatnaður frá Hugo Boss og fleiri merkjum.



Vikan á...

facebook

Fridrik Ómar Ljósmyndarar! Vinsamlegast hættið að PHOTO-SHOPPA ljósmyndir af gosinu. Þetta er ekki rétt og hjálpar ekki til þeirri herferð sem í gangi er, að sannfæra fólk að erlendis um að það sé líft á Íslandi 14. maí kl. 11:09

Bubbi Mort-hens Logn -hiti 10 gráður tvö Lömb sofa á moldarbing gróður moldin mín Mamman horfir með glampa í augum á rósir sem eru birjaðar að laufgast ég læsi hlíði og hvísla góða nótt 14. maí kl. 23:43

Jónína Benediktsdóttir Þegar ég vaknaði þá láku tárin úr augunum; ekki af sorg. 15. maí kl. 8:27

Asdis Ran aka the IceQueen Cannes here I come!! ;) I will hopefully be able to update you guys with hot photos straight from Cannes this week.. 16. maí kl. 8:22

Haffi Haff oh yeaaa... i really want to go out and get myself a juicy, crispy, spicy SNACK! oh yeaaa... 16. maí kl. 23:04

Feitast í blaðinu

Þrjár landsliðs-stelpur í handbolta teknar í makeover og góð förð-unarráð gefin. >>4

Davíð Þór Viðars pirraði marga Haukamenn með ummælum á Facebook. >>6

Gunnar Nelson í viðtali, en hann er einn efnilegasti MMA-kappi heims í dag. >>8

Filófaxið tekur saman alla helstu viðburði helgarinnar á einum stað. >>11

Prince of Persia með Gísla Erni og allar frumsýningar í bíóhúsum landsins. >>14

Efst í huga Monitor

Ronnie James Dio: 1942 - 2010

† Besti söngvari þungarokksins er fallinn frá. Hann hét Ronnie James Dio og lést í vikunni af völdum magakrabbameins, 67 ára að aldri. Þessi litríki karakter er líklega þekktastur fyrir að hafa tekið við af Ozzy Osbourne sem söngvari hljómsveitarinnar Black Sabbath, en þar að auki gerði hann garðinn frægan með hljómsveitum á borð við Rainbow og DIO.

Dio var ítalskur Ameríkani, óvenjulega lágvaxinn (í kringum 150 sentimetrar telja menn), og var nokkuð oft tvísaga með aldur sinn. Hann er talinn upphafsmaður þungarokkshornanna (handarhreyfingarinnar sem síðhærðir piltar í svörtu gera þegar þeir heyra háværa rokktonlist), en eldgömul amma hans



notaði hornin gegn illu augnaráði fólks úti á götu.

Dio var Íslandsvinur, en hann kom fram ásamt Black Sabbath á stórtónleikum þeirra á Íslandi árið 1992. Hann var rómaður fyrir vingjarnlegheit sín og öfluga söngródd, en fáir komast með tærnar þar sem þunnhærði rokkdvergurinn hafði hælana þegar kemur að þungmiklum þungarokkssöng. Ef þú hefur ekki heyrt lög á borð við Holy Diver og Don't Talk To Strangers mælist ég til þess að þú bætir úr því í snarhasti.

Hvíl í friði kæri Dio. Þín verður sárt saknað.

Haukur Viðar Alfredsson.

Glaðningar í hverri viku. Fylgstu með. facebook.com/monitorbladid





Yrði ekki leiðinlegt að vinna

Helgi Jóhannsson er tilnefndur til verðlauna fyrir myndbandið *Supertime* á Los Angeles Film Festival

„Myndbandið er nokkurs konar ádeila eða satíra. Það byrjar eins og klassískt forvarnarmyndband, þar sem fólk kemur að slysstað og maður veitir fórnarlambi hjartahnoð. En fljótlega breytist það í andhverfu sína þegar fólk fer að leika sér með fórnarlömbin,“ segir Helgi Jóhannsson, leikstjóri tónlistarmyndbandsins við lagið Supertime sem Davíð Berndsen gerði vinsælt í fyrra.

Myndbandið hefur vakið mikla athygli og var á dögum tilnefnt til verðlauna á stórri kvikmyndahátíð, Los Angeles Film Festival sem fer fram í júní. Þótt hátíðin flokkist sem svokölluð indie-hátíð keppir Helgi á móti stórum nöfnum á

borð við Coldplay, MGMT og OK Go. „Það yrði ekkert leiðinlegt að hljóta verðlaunin, þó ég sé nú seint að fara að vinna OK Go-myndbandið,“ segir Helgi og hlær.

Hittir þekkt nöfn í bransanum

Los Angeles Film Festival dregur að sér hátt í 100 þúsund gesti og fjölda þekkra andlita. Til að mynda mættu Brad Pitt og Elton John á hátíðina í fyrra. Helgi segir tilnefninguna og boðið á hátíðina fyrst og fremst mikinn heiður, en á erfitt með að átta sig á hvort hann hljóti einhver stór tækifæri í kjölfarið.

„Ég þekki ekki alveg nógu vel



HELGI JÓHANSSON ER AÐ GERA GÓÐA HLUTI

Sigurför Supertime

Supertime-myndbandið var frumsýnt í ágúst í fyrra og hefur verið skoðað yfir 250 þúsund sinnum á YouTube. Það hefur einnig verið sýnt á hátíðum víðs vegar um heiminn og hlotið góðar viðtökur. Þá fylgdi myndbandið með DVD-útgáfu snjóbrettamyndarinnar They Came From, sem var dreift í hálfri milljón eintaka um allan heim og sýnt á Netinu og á sjónvarpsstöðvum í Evrópu og Bandaríkjunum.

til þessarar hátíðar. Ég veit að myndbandið verður sýnt í stórum sal og ég kem til með að svara spurningum eftir það. Svo verða þarna viðburðir þar sem fólk fær tækifæri til þess að tala við framleiðendur og stór nöfn úr kvikmyndageiranum,“ segir Helgi og bætir við: „Þetta gæti skilað einhverju og þetta gæti skilað engu. Maður veit ekki fyrir en eftir á.“

Myndbandagerð mest spennandi

Helgi hefur að mestu starfað

sem klippari og er búinn að gera nokkrar auglýsingar, en er frekar nýlega farinn að ryðja sér til rúms í tónlistarmyndbandagerð. Næst á dagskrá hjá Helga er að leikstýra myndbandi fyrir Hjaltalín og segist hann vel geta hugsað sér að halda áfram að gera tónlistarmyndbönd, þótt það sé ákveðið hark. „Ég hef engan sérstakan áhuga á því að gera auglýsingar. Eins og staðan er núna á Íslandi er það ekkert sérstaklega heillandi bransi. Ég vil frekar halda áfram að klippa og gera þetta í harki á milli.“



ELDRI SYSTIRIN ALEXANDRA ER FORSPRAKKI SÍÐUNNAR



SNÆDÍS, ALEXANDRA, INGUNN OG SIGGA MYNDA GOTTA BLOGGTEYMI

WWW.WARDROBE-WONDERLAND.BLOGSPOT.COM

Mynd/Eggert



SNÆDÍS ER TÖFF OG ÞORIR AÐ FARA SÍNAR EIGIN LEIÐIR



INGUNN ER AÐEINS 14 ÁRA OG HEFUR FLOTTAN STÍL

Móðins mæðgur

Wardrobe Wonderland er ný tiskubloggsíða haldið úti af mæðgum og vinkonu þeirra. Síðan hefur á skömmum tíma áunnið sér marga lesendur sem fer ört fjölgandi.

„Hugmyndin spratt upp yfir hvítvíni“, segir Alexandra Ásta Axelsdóttir um nýtt tiskublogg sem hún setti upp fyrir rúmum mánuði ásamt móður sinni Sigríði Helgu, Snædís Guðmundsdóttur vinkonu og Ingunni systur. Wardrobe wonderland hefur fengið frábærar viðtökur en síðan var sett upp fyrir nokkrum vikum og fær hundruði heimsóknna á dag.

Fyrir allan aldur

Stelpurnar leggja mikið upp úr

fjölbreytni og Alexandra tekur gjarnan myndir af kærasta sínum og bróður sem birtast á blogginu. „Mamma er nýkomin inn í bloggjið en ég hef tekið mynd af henni hvern dag og birt vikulega. Við höfum hvatt hana til að skrifa pistla undir titlinum fyrir allan aldur sem eru væntanlegir á síðuna. Snædís var að klára próf svo hún kemur einnig meira inn á næstunni.“ Yngsti bloggarinn, Ingunn, er aðeins 14 ára gömul en hún hefur mikinn áhuga á tisku og klæðist gjarnan fötum

móður sinnar og systur. Mæðgurnar nota allar sömu fatastærð og versla því oft saman.

Götustíll Reykjavíkur

Alexandra segist ekki skoða mikið erlend tiskublogg en fylgist með amlul.com og cherryblossomgirl.com. „Mig langar að færa inn götustíl í Reykjavík á bloggjið í sumar, taka myndir af fólki í miðbæ Reykjavíkur og birta“, segir Alexandra en bloggjið er enn glænýtt og verður gaman að fylgjast með.



SIGGA ER TISKUFYRIRMYND DÆTRA SINNA

Monitor rakst á þrjá leikmenn landsliðsins í æfingagallanum fyrir utan **Monitorstaði**. Við kipptum þeim inn, hringdum í **Vero Moda** og **Maybelline** og tókum stúlkurnar í makeover.

LANDSLIÐS MAKEOVER

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vantar nú aðeins eitt stig til að komast áfram á EM, í fyrsta sinn í sögu liðsins. Stúlkurnar spila leik gegn Frökkum miðvikudaginn næstkomandi sem skiptir miklu máli fyrir framhaldið.

Stella Sigurðardóttir
20 ára / Fram / Vinstri skytta

Hvað tekur þú í bekk? 35 kíló.
Hefðir fyrir leiki? Er frekar hjátrúarfull, borða yfirleitt með Karen og spila í sama íþróttatopp.
Málar þú þig fyrir leiki? Já, yfirleitt eitthvað smávegis.
Hvað ertu að gera utan boltans? Er að útskrifast úr Versló og þjálfá yngri flokka hjá Fram.
Myndarlegasti handboltamaður á Íslandi? Alexander Pettersson.
Óþekktust í landsliðinu? Hanna G. Stefánsdóttir.
Tískulögga landsliðsins? Rakel Dögg.
Hvert ferðu út að skemmta þér? Oliver og Vegamót.
Ertu stressuð fyrir leiknum gegn Frökkum? Nei, er frekar spennit en þetta verður erfiður leikur.



Stella
Kjöll 5.990 kr.
Leggings 2.490 kr.

Rebekka Rut Skúladóttir
21 árs / Valur / Vinstra horn

Hvað tekur þú í bekk? Eitthvað lítið.
Hefðir fyrir leiki? Er alltaf með sömu rútínuna, klæðist sama topp og hjólabuxum.
Málar þú þig fyrir leiki? Já, bara eins og venjulega.
Hvað ertu að gera utan boltans? Er í hjúkrunarfræði.
Myndarlegasti handboltamaður á Íslandi? Alexander Pettersson.
Óþekktust í landsliðinu? Anna Úrsúla.
Tískulögga landsliðsins? Engin ein fram yfir aðra.
Hvert ferðu út að skemmta þér? Oliver og Vegamót.
Ertu stressuð fyrir leiknum gegn Frökkum? Við tókum þennan leik.



Rebekka Rut
Hlýrabolur 2.990 kr.
Silkikjöll 22.990 kr.
Veski 3.990 kr.
Skór 9.500 kr.

Rakel Dögg Bragadóttir
23 ára / Levanger í Noregi / Miðjumaður og skytta

Hvað tekur þú í bekk? Hef ekki tekið í bekk í nokkur ár vegna meiðsla en metið var 60 kíló.
Hefðir fyrir leiki? Er ekki hjátrúarfull en passa vel upp á að hvílast og borða vel.
Málar þú þig fyrir leiki? Já, bara eins og venjulega.
Hvað ertu að gera utan boltans? Er að útskrifast úr hagfræði við HÍ, hef tekið námið samhliða boltanum í fjarnámi.
Myndarlegasti handboltamaður á Íslandi? Kristján Kristjánsson í Stjórnunni.
Óþekktust í landsliðinu? Anna Úrsúla, hún hefur sínar leyndu hliðar.
Tískulögga landsliðsins? Karen Knútsdóttir.
Hvert ferðu út að skemmta þér? Kaffibarinn, B5 og Austur.
Ertu stressuð fyrir leiknum gegn Frökkum? Nei, ég hef mjög góða tilfinningu fyrir leiknum, hópurinn er vel stemmdur.



Rakel
Síður bolur 6.500 kr.
Gallaleggings 6.990 kr.
Rúskinnssjakkí 29.990 kr.
Taska 8.990 kr.
Skór 9.900 kr.



Förðunarráð og skemmtilegir leikir Núna er Maybelline með spurningaleik í gangi sem tengist Monitor. Kíkið á Facebook og leitið að **Maybelline-Reykjavík**. Þar eiga allir möguleika á að vinna flottan farða frá Maybelline.

Myndir/Golli, Förðun/Erna Hrunn og Hafðís Helga

Color Sensational varagloss
Næringarríkir glossar sem gefa vörnum safaríkt og fágáð útlit. Til þess að poppa líka upp á varaliti er æðislegt að bæta smá gloss upp og fá þannig auka litabúst.



L'Oréal Hydratfresh bæði til fyrir venjulega húð og fyrir þurra/viðkvæma húð
Undirstaða fallegar förðunar er heilbrigð rakanærð húð, þess vegna er mikilvægt að byrja á því að nota gott rakakrem.



Pure Pulse Perfection maskari
Nýjasta þróunin á snyrtivörumarkaðnum en maskarinn er með innbyggðum titrara. Titrangurinn aðskilur augnhárin algjörlega svo þau virðast vera fleiri. Þessi maskari lengir ótrúlega og helst vel á yfir daginn.



Dream Satin Liquid
Gefur fallega airbrush-áferð. Til að fá bestu útkomuna berið farðann á með höndunum.



Affinitone
Þetta púður er eitt best geymda leyndarmál Maybelline, æðislegt fyrir sumarið, þá er gott að setja hyljara á þau svæði sem þú viljið fela og strjúka svo púðrinu létt yfir.



Eyestudio Quads
Brúntóna pallettan er must have og er hægt að nýta hana í dag- og kvöldförðun eins og við sýnum hér á Rebekku og Rakel. Einnig eru leiðbeiningar aftan á boxinu hvernig best er að nota augnskuggana. Gott er að hafa alltaf svamp við höndina þegar þú ertu að mála ykkur því hann virkar eins og strokleður á það sem fer úrskiðis.



Expert Wear
Brosið eða sjúgið kinnarnar inn til að sjá hvar liturinn á að fara, passið að dusta létt úr burstanum til að setja ekki of mikið og strjúkið létt yfir svæðið í átt að eyrunum.



Color Sensational varalitur
Inniheldur hreint litarefni og gerir varirnar þínar ómótstæðilegar. Þegar varalitur er borinn á er best að móta fyrst varirnar með varabýnti, þá helst liturinn lengur. Æðislegur litur fyrir sumarið er Delicate Coral sem er einmitt liturinn sem Rebekka er með.



Myndir/Ómar



DAVÍÐ ÞÓR VÍÐARSSON Í FH-BÚNINGNUM

Flestir föttuðu að þetta var djók

Davíð Þór gagnrýndur fyrir ummæli á Facebook

„Ég held að langflestir hafi áttað sig á því að þetta var djók. Það er kannski ágætt að þeir sem föttuðu það ekki sjái það nú svart á hvítu,“ segir knattspyrnumaðurinn Davíð Þór Víðarsson. Eftir leik FH og Hauka í Pepsi-deildinni síðasta sunnudag skrifaði Davíð umdeilda stöðuuppfærslu á Facebook-síðu sína. Davíð var fyrirliði FH-inga þegar þeir urðu Íslandsmeistarar í fyrra en hélt til Svíþjóðar í atvinnumenskuna í vetur og spilar nú með Öster í 1. deildinni þar í landi. Ekki voru allir á eitt sáttir við orð Davíðs og fékk hann meðal annars eftirfarandi athugasemd: „Þvílíkur hroki og viðbjóður sem kemur frá þér ... Ert þér, fjölskyldu þinni og uppeldisfélagi til skammar með þessum orðum!“ Davíð er þó rólegur yfir öllu saman. „Fjölskyldan talar allavega ennþá við mig og FH-ingarnir

eru ekki ennþá búnir að hringja og skamma mig,“ segir hann og hlær. Davíð ítrekar hins vegar að honum sé alls ekki illa við Haukara í raun og veru. „Ég hef nákvæmlega ekki neitt á móti Haukum og á marga vini sem eru Haukarar. Mér finnst bara mjög nett að þeir séu komnir í efstu deild og það er gaman að við séum komnir með alvöru nágrannaslag,“ segir Davíð.

Davíð Þór Víðarsson Nenni ekki að hlusta á fólk væla yfir því að FH hafi verið heppið að vinna leikinn áðan. Sannleikurinn er sá að Haukar eru heppnir að fá yfir höfuð að spila í sömu deild og FH! Sumt vælið hérna á Facebook er svo aumkunarvert að það hálfa væri nóg. Skjótíð ykkur. 16. maí 23:43

EUROVISION



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

Ruglað saman reitum

Eins og margir muna var Hera Björk hársbreidd frá því að verða fulltrúi Danmerkur í Eurovision í fyrra. Það hefði ekki verið í fyrsta sinn sem Íslendingur gerði slíkt því Tómas nokkur Þórðarson keppti fyrir Danmörku árið 2004 með skammarlega laginu Shame on You en einnig keppti Eiríkur Hauksson með norska sönghópnum Just4fun árið 1991.

Frægasta dæmi þess að lönd sendi útlanding í keppnina er líklega Celine Dion sem vann fyrir Sviss árið 1988. Það hefur þó gerst ótal sinnum. T.d. hafa Eistar tvisvar sinnum sent Svía og Svisslendingar sent eistneskt stelpuband á síðustu tíu árum. Og svo mætti lengi telja. Svíum þótti þeir eiga nokkuð í sigri Helenu Paparizou fyrir Grikki árið 2005 enda hafði hún búið í Gautaborg alla sína ævi - svólítið eins og ef Emiliana Torrini myndi sigra fyrir Ítali. Svípuð dæmi er að finna í keppninni í ár. Söngkonan Eva Rivas sem keppti fyrir Armeníu hafði aldrei komið til landsins fyrr en hún tók þátt í undankeppninni þar þótt hún sé ættuð þaðan. Þá var rúmenska lagið næstum því dæmt úr leik þar sem annar höfundurinn og flytjandinn er norskur ríkisborgari þótt hann eigi rúmenskan föður, en reglurnar þar í landi heimila ekki erlenda lagahöfunda. Bretinn Jon Lilygreen keppti svo fyrir Kýpur en fáum sögum fer af því hvernig það kom til. Öllu athyglisverðara er að einn höfunda lagsins Drip drop frá Aserbædjan ber hið íslenska nafn Stefán Örn en því lagi er spáð sigri af mörgum veðbönkum. Þrátt fyrir töluverða eftirgrennsan hefur undirritaður ekki fengið staðfest að þar sé á ferðinni Íslendingur en það verður að teljast nokkuð líklegt. Það er því ýmislegt leyfilegt í Eurovision.

1 vika í Eurovision



Hin bandaríska Dita Von Teese var á sviðinu með þjóðverjum í fyrra og tæknilega séð virðist ekkert því til fyrirstöðu að þjóð með nægt fjármagn fengi Lady Gaga eða Beyonce til að taka þátt. Það væri hins vegar afar sorgleg þróun. Ætli maður geti ekki bara þakkað fyrir þetta bankahrún því annars væru Susan Boyle og Elton John örugglega að keppa fyrir Ísland í boði Landsbankans. Þá vildi ég nú frekar senda Sjúbídu aftur.

haukurjohnson@monitor.is



DANÍEL HARDARSON

Nemi á öðru ári í Versló 13.02.92

Hvað filar þú helst í tisku um þessar mundir? Það sem ég finn hverju sinni.

Hvað filar þú helst við lúkkið? Mér finnst frakkinn flottur.

Hvaða flík keyptir þú síðast? Ég keypti bol í Abercrombie á Flórída.

Uppáhaldsflíkin? 66°N úlpan kemur sér alltaf vel.

Eitthvað sem þú myndir aldrei klæðast? Gallajakka og kvenmannsfötum.

Hvað ertu að hlusta á? Hip-hop en annars hlusta ég á allt utan dauðarokks.

Uppáhaldsvikmynd? Don't Be a Menace to South Central While Drinking Your Juice in the Hood.

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Vinna í Föðurbíöndunni, fara í útilegur og til Eyja.

Notar þú snyrtivörur? Hárvörur og stundum rakakrem.

Fallegasti karlmaður í heimi? David Beckham.

Fallegasta kona í heimi? Jessica Alba.

Töffaralúkkið er alltaf flott

Daníel ofurgæi kíkti með Monitor í Sautján og fann sér flottan fatnað.



SAMSØE&SAMSØE SKYRTA
Litríkar köflóttar skyrtur eru sjóðheitar. 14.990 kr. Galleri Sautján



„WHITE MUSK SPORT“ HÁR- & STURTUSÁPA
Fyrir hressa, unga menn. 1.690 kr. Body Shop



„WHITE MUSK SPORT“ ÍLMVATN
Sambland sitrusilms og unaðsaukandi amburs. 3.490 kr. Body Shop



DIESEL-GALLA-BUXUR
Klassískar gallabuxur með flottu sniði. 19.990 kr. Galleri Sautján

CLAE-SKÓR
Þægilegir skórir sem ganga við allt. 19.990 kr. Galleri Sautján



Myndir/Ernir

Fyrsti maskarinn frá Lancôme sem sjáanlega endurnýjar augnhárin. Þéttir augnhár eftir augnhár.

NÝTT HYPNÔSE PRECIOUS CELLS



LANCÔME
PARIS

Julia Roberts

LANCÔME GJAFADAGAR Í LYFJU LÁGMÚLA, LAUGAVEGI OG SETBERGI FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur:

- ~ Augnskuggapalletta í fallegum sumarlitum (nokkurir litir)
- ~ Rouge Absolu varalitur
- ~ Lancôme mini maskari
- ~ Genifique æskuvakakrem 15 ml
- ~ Slimissime 360 gegn apelsínuhúð 40 ml

**Verðmæti kaupaukans
kr. 18.100.-**

Einnig aðrar gerðir kaupauka
Gildir meðan birgðir endast

 **LYFJA**
- Lifið heil

Lágmúla 5 - sími 533 2390
Laugavegi 16 - 552 4045
Setbergi sími - 555 2306



*Gildir ekki með blýöntum og deodorant. Einn kaupauki á viðskiptavin

Klikkhausar í eins og öðru

Gunnar Nelson er ein bjartasta von heims í blönduðum bardagalistum og hefur náð frábærum árangri í íþróttinni. „Ég er mjög rólegur og yfirvegaður,“ segir Gunnar.

Eftir Hauk Viðar Alfreðsson
Myndir: Gólli

haukurv@monitor.is
golli@mbl.is

Íslendingurinn Gunnar Nelson er rísandi stjarna í alþjóðlegum heimi blandaðra bardagaíþróttanna (mixed martial arts) þrátt fyrir ungan aldur. Hann hefur alið manninn á Manhattan-eyju New York-borgar undanfarið en er staddur hér á landi í sumar til þess að kenna Íslendingum bardagalist. Fávís blaðamaður Monitor spurði Gunnar út í hinn undarlega heim blandaðra bardagaíþróttanna.

Hvað er MMA?

MMA er bardagaíþrótt sem er samblanda úr flestum bardagaíþróttum heims. Þá aðallega þeim sem eru lifandi og ætlaðar til alvöru bardaga, svo sem júdó, sambó, box, kick-box, brasilískt jiu-jitsu og svo framvegis. Þú mátt sparka og nota högg, þú mátt glíma við andstæðinginn, grípa hann, setja hann niður í jörðina og það eru alls kyns tök og lásar sem þú getur notað. Högg í jörðinni líka. Þetta er í rauninni eins og slagsmál nema að mennirnir eru þjálfaðir og vita hvað þeir eru að gera. Það er í raun allt leyfilegt, en það eru auðvitað nokkrar reglur, til þess að koma í veg fyrir slys og þessháttar.

Ég var í rauninni ofvirkur sem barn. Ekkert agalegur samt. Ég átti samt að vera á lyfjum en mamma vildi nú ekki setja mig á nein lyf.

Sláist þið berhentir?

Nei. Við erum með grifflur sem eru ekki þykkari en tveir til þrjár sentimetrar. Grifflurnar eru opnar í lófanum svo maður geti gripið og svoleiðis. Síðan er maður með pungi, í stuttbuxum og með góm í munnum.

Hvernig kynntist þú íþróttinni?

Ég byrjaði í karate þegar ég var 14 ára. Ég kom þangað beint úr íshokki. Ég æfði karate í þrjú ár og þá kynnti félagi minn mig fyrir MMA. Það var hann Jón Viðar, sem er formaður Mjölnis, félagsins sem ég æfi hjá. Við glímdum í fyrsta skipti eftir einhverja karate-æfingu og hann pakkaði mér saman. Þannig byrjuðum við að æfa MMA einu sinni í viku og fíflast eitthvað með það. Það var síðan ekki fyrr en ég varð 19 ára sem ég byrjaði að ferðast og berjast. Þá fór ég til Írlands og var mikið þar og á Englandi. Síðan fór ég til Hawaii og að lokum til New York fyrir einu og hálfu ári.

Eru ekki bara klikkaðir menn í þessu?

Það eru klikkhausar í þessu eins og öllu öðru. Annars er þetta bara ósköp venjulegt fólk. Mikið af þessu fólk er bara fólk sem hefur gaman af því að fá

aðeins að tuskast. Það finnst það fleirum en maður hefði haldið. En fyrir þá sem hafa ekki stundað þetta eða kynnt sér þetta neitt þá lítur þetta kannski svolítið klikkað út. Svólítið villt.

En eru allir vinir þegar bardaganum lýkur?

Menn faðmast iðulega eftir bardaganum þó þeir hafi verið með þvílíkan skæting fyrir bardaganum, með alls kyns orð um andstæðinginn og svoleiðis. En það er bara promotion. Það er verið að fá inn meiri peninga, bara svona eins og heimurinn er í dag. Þetta snýst allt saman um peninga er það ekki?

Hversu góður ertu á heimsmeikvarða?

Það er nú erfitt að segja til um það. Ég reyni bara að velta mér ekkert allt of mikið upp úr því. Mér finnst ég ekki geta miðað mig við neitt nema sjálfan mig fyrir viku, eða sjálfan mig fyrir ári. Það hefur voða lítið upp á sig að vera að metast of mikið við aðra. Ég get eiginlega ekki svarað þessari spurningu.

En hvernig hefurðu staðið þig í atvinnu-mennskunni? Ég sá töluna 6 - 0 - 1...

Já, það er mitt professional record í MMA. Þetta eru sex sigrar, engin töp og eitt jafntefli.

Það verður að teljast nokkuð gott, er það ekki?

Jú, það er nokkuð gott held ég bara.

Eru þetta heimsmeistaramót?

Nei. MMA er svolítið líkt boxinu að því leyti að það eru bara svona keppnir sem eru sjálfstæðar og í rauninni engin stór samtök sem geta sett heimsmeistaramót, Evrópumeistaramót og þess háttar. Þetta er meira show, svipað og í boxinu.

En fyrst það eru engin samtök, eru þá engar staðlaðar reglur milli keppna?

Það eru reglur í hverri keppni fyrir sig og þær eru rosalega svipaðar. Helsti munurinn er sá að í Evrópu eru olnbogar í jörðinni ekki leyfilegir, en í Bandaríkjunum hafa þeir verið leyfðir. Það eru svona litlir hlutir hér og þar sem eru breytilegir, en yfirleitt eru þetta sömu reglurnar.

Hvað er það við þetta sem heillar þig? Er þetta útrás fyrir ofbeldishneigð?

Nei, alls ekki. En ég vil meina að menn sem ná langt í íþróttum hafi alltaf ákveðna orku, að einhverju leyti eru þeir ofvirkir. Ég var í rauninni ofvirkur sem barn. Ekkert agalegur samt. Ég átti samt að vera á lyfjum en mamma vildi nú ekki setja mig á nein lyf. En í dag er ég mjög rólegur og yfirvegaður og fæ mína útrás í því sem ég er að gera. En þessir menn hafa mikla orku og tilfinningar sem börn og það leiðir til þess að stundum fara þeir að slást. En þeir þurfa að læra að beina þeirri orku í rétta átt. En það er kannski erfitt ef menn eru ekki með neitt jákvætt í kringum sig.

Hvernig filarðu þig í New York?

Stundum finnst mér mjög fínt að vera þarna og sérstaklega til að byrja með, þegar þetta var spennandi. En síðan þegar ég áttaði mig á því að ég er aðeins meira fyrir ró og næði fór ég að sjá að New

Á 60 SEKÚNDUM

Fullt nafn: Gunnar Lúðvík Nelson.

Aldur: 21 árs.

Hjúskaparstaða: Í sambandi.

Fyrsti MMA-bardagi: 19 ára.

Árangur: Sex sigrar, eitt jafntefli og ekkert tap.

Uppáhaldskall í Mortal Kombat: Scorpion.

Uppáhaldshasarmyndahetja: Bruce Lee og Jackie Chan.



York er kannski ekki beint staður fyrir mig til að vera lengur á en nokkra mánuði í senn. Mér finnst þetta flott borg og gaman að koma þangað, en ekki staður fyrir mig til að búa á.

Hvernig er típískur dagur hjá þér? Hvað ertu að borða og hvernig æfirðu?

Ég vakna á morgnana og fæ mér það sem mig langar í. Ég reyni að borða ávexti og egg, hnetur og grænmeti. Ég borða yfirleitt ekki mikið fyrir æfingar. Ég borða meira á kvöldin þegar allt er búið. En eftir morgunmat fer ég á æfingu og það eru sirka tveir klukkutímar. Eftir það fer ég og fæ mér að borða og slaka á. Stundum fer ég aftur í gymmið að spjalla við félagana, nú eða þá heim og fæ mér smá bóndablund. Síðan er það bara önnur æfing og svona er rútinan. Stundum fer maður út á lífið. Ég drekk nú voða lítið. Fæ mér kannski eitt rauðvínsglas og spjalla við félagana. Það er ekkert djamm eða neitt svoleiðis, en maður reynir að vera lifandi og fylgjast með borginni.

Hefurðu lent í götuslagsmálum?

Hvernig fór slagurinn?

Já já, ég hef lent í götuslagsmálum og svona iðulega unnið. Ég hef nú alveg verið laminn. Aldrei neitt illa, en í barnaskóla lenti maður alveg í slagsmálum. Ég man nú samt ekki mörg dæmi. Einhvern tímann var ég laminn af einhverjum eldri strákum. Annars bara eitthvað hnoð milli manna, ekki nein hörkuslagsmál.

Ef það yrði hringt í þig og þér boðið aðalhlutverkið í slagsmálamynd, værirðu til í það?

Ég myndi alveg íhuga það. Það færi bara eftir aðstæðum og tíma. Ég hef voðalega lítið leikið, en mér finnst það alveg gaman.

Ef þú fengir ógeð á þessu á morgun, hvað myndirðu gera í staðinn?

Ég hef gaman af því að pæla í mannlíkamanum og heimspeki. En ég veit ekki almennilega hvað ég myndi vinna við ef ég myndi missa áhugann og kæmi ekki nálægt þessu að neinu leyti. Ég veit ekki hvernig ég myndi fjármagna það að ferðast. Það er það sem mig langar mest til þess að gera.

Gunnar beitti blaðamann engu ofbeldi meðan á viðtalinu stóð og sýndi ekki minnsta vott af brjálsemi eða slagsmálafýsni.

GUNNAR NELSON

Þessu

▲▲ Fyrir þá sem hafa ekki stundað þetta eða kynnt sér þetta neitt þá lítur þetta kannski svolítið klikkað út. Svólítið villt.

viðtalið

HLEÐSLA
ÍPRÓTTADRYKKUR

100%
HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN



*SAMVÆMT SÓLUTÓLUN ACHIESEN OG CAPICENT 1. FEBRÚAR - 28. MARS 2010.

MEST SELDI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI

HLEÐSLA ER NÚ MEST SELDI OG VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.*
VIÐTÖKURNAR HAFA FARIÐ FRAM ÚR OKKAR BJÖRTUSTU VONUM. VIÐ VINNUM NÚ
HÖRÐUM HÖNDUM AÐ ÞVÍ AÐ FRAMLEIÐA NÆGA HLEÐSLU FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA
Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU EÐA MILLI MÁLA.
VIÐ ÞÖKKUM KRAFTMIKLAR VIÐTÖKUR.

MJÓLKURSAMSALAN

Fangaðu heiminn með Canon EOS

Frábær saga snýst um uppgötvun

Fyrir byrjendur í ljósmyndun og áhugaljósmyndara eru Canon EOS myndavélar frábær valkostur.

Eins og allar Canon EOS DSLR myndavélar þá eru EOS 1000D og EOS 450D með CMOS sensor og búa yfir tækni sem er fengin úr atvinnumannavélum Canon. Flottar myndavélar á góðu verði.

EOS 500D og EOS 550D eru fyrir þá sem vilja fanga söguna með allt að 18 megapixla kyrrmyndum og Full HD vídeó.

EOS 50D og EOS 7D eru framúrskarandi myndavélar fyrir íþrótt- og náttúrulefsljósmyndara en þær taka allt að 18 megapixla kyrrmyndir á allt að 8 römmum á sekúndu. Einnig möguleiki á Full HD vídeó.

Farðu lengra með Canon EOS. Yfirgripsmesta staf-ræna SLR kerfið í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Prautreynt af atvinnu og áhugaljósmyndurum. Upphald ljósmyndara um allan heim.



EOS

Taktu meira en myndir.
Taktu sögur.

Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholti 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornið - Penninn / Sauðárkrúkur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hranarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martólvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Foto - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is

FERILLINN



Jake Gyllenhaal

Hæð: 183 sentimetrar.
Besta hlutverk: Jack Twist í *Brokeback Mountain*. Frábær frammistaða sem tryggði honum óskarstílnefningu.
Skrýtin staðreynd: Fór í prufu fyrir hlutverk Batman fyrir *Batman Begins* (2005) og var mjög nálægt því að fá það, en Christian Bale var valinn að lokum.
Eitruð tilvitnun: „Við lifum á sorglegum tímum þar sem leikarar eru pólitíkusar og pólitíkusar eru leikarar.“

1980 Fæðist 19. desember í Los Angeles. Foreldrar hans eru leikstjóri Stephen Gyllenhaal og handritshöfundurinn Naomi Foner. Systir hans er leikkonan Maggie Gyllenhaal.

1991

Þreytir frumraun sína í kvikmyndum þegar hann leikur son Billy Crystal í kvikmyndinni *City Slickers*.



1999

Leikur sitt fyrsta aðalhlutverk í kvikmyndinni *October Sky*.

2001

Leikur í költmyndinni *Donnie Darko* og fær mikið lof fyrir frammistöðuna sem kemur honum á kortið fyrir alvöru.

2004

Hættir með leikkonunni Kirsten Dunst sem hann hafði átt í ástarsambandi við í nokkurn tíma.

2005

Tilnefndur til óskarsverðlauna sem besti leikari í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í *Brokeback Mountain*, en tapar fyrir George Clooney úr *Syriana*. Hlýtur hins vegar BAFTA-verðlaunin fyrir hlutverkið.

2007

Byrjar með leikkonunni Reese Witherspoon. Þau voru saman þar til í lok ársins 2009.



2008

Kjörinn falletast maður heims af lesendum samkynhneigða vefsins *AfterElton.com* annað árið í röð.



PRINSINN Í VATNSSLAG
Á GÓÐRI STUNDU

Frum-sýningar helgarinnar

Prince of Persia

Leikstjóri: Mike Newell.
Aðalhlutverk: Jake Gyllenhaal, Gemma Arterton, Ben Kingsley, Alfred Molina og Gísli Örn Garðarsson.
Lengd: 116 mínútur.
Aldurstakmark: 10 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni, Sambíóin Keflavík, Sambíóin Selfossi og Sambíóin Akureyri.



Dastan (Gyllenhaal) er götustrákur í Persíu sem sýnir hugrekki í orrustu og er ætteleiddur af konungnum. Hann slæst í för með prinsessunni Tamina (Arterton) til að endurheimta tímaglas, sem var gjöf frá guðunum, úr höndum illa aðalsmannsins Nizam (Kingsley). Dastan er plataður til að nota tímaglasíð, og með því leggur hann konungsdæmið í rúst. Þá er það í höndum prinsins og prinsessunnar að bjarga konungsríkinu og leiðrétta mistökinn með því að nota rýting sem veitir honum tímabundna stjórn yfir tímanum.

GÍSLI ÖRN LEIKUR ZOLM

Eins og frægt er orðið fyrir löngu leikur Gísli Örn Garðarsson stórt hlutverk í *Prince of Persia*, en hann fer með hlutverk illmennisins Zolm. Gísli fékk hlutverkið eftir að Mike Newell, leikstjóri myndarinnar, sá hann í leiksýningunni *Rómeó* og Júlía sem Vesturport setti upp í Young Vic-leikhúsinu í London fyrir nokkrum árum. Enn er ekki komið á hreint hvort fleiri verkefni biða Gísla í Hollywood en hann hefur sjálfur látið hafa eftir sér að það sé ekki draumur hans að meika það í borg draumanna. „Ég hef engan áhuga á að flytja til Hollywood,“ sagði Gísli í viðtali á dögnum.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á *Prince of Persia*. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndabráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra sigurvegara. Þú finnur okkur með því að slá inn „Tímaritið Monitor“ í leitarstrenginn.



ÞESSI ER EKKI AÐ FARA AÐ SKJÓTA GÆSIR

Snabba Cash

Leikstjóri: Daniel Espinosa.
Aðalhlutverk: Joel Kinnaman, Matias Padin Verela, Dragomir Mrsic, Mahmut Suvkaci, Jones Danko, Lea Stojanov og Dejan Cukic.
Lengd: 124 mínútur.
Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.

Myrk spennusaga úr undirheimum Stokkhólms í Svíþjóð þar sem allt snýst um eiturlyf, peninga og hefnd. Aðalpersónur eru þrjár: Dópsalinn Jorge sem er nýslóppinn úr fangelsi, serbneski handrukarrinn Mrado og J.W. sem er strákur sem selur yfirstéttarfolki kókaín. Allir eru þeir í leit að skyndigróða og örlög þeirra tvinnast saman í gegnum kókaínið.



RICHARD GERE VEIT HVAD ÞAD ERU MARGAR VIKUR Í EUROVISION

Brooklyn's Finest

Leikstjóri: Antoine Fuqua.
Aðalhlutverk: Richard Gere, Don Cheadle, Ethan Hawke, Wesley Snipes, Jesse Williams, Will Patton og Ellen Barkin.
Lengd: 132 mínútur.
Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Regnboginn og Borgarbíó Akureyri.

Eddie (Gere), Sal (Hawke) og Clarence (Cheadle) eru löggvarðar í New York. Eddie er útrunninn og á viku eftir í eftirlaunin, Sal reynir að skapa fjölskyldu sinni betra líf og Clarence situr í fangelsi vegna leyniverkefna. Þegar lögreglan ræðst í risavaxna aðgerð upplifa þeir sömu martraðarvikuna og stefna allir á sama uppgjörið.



SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ ER MIKILL GLEDIGJAFI

Skógardýrið Hugo 3

Leikstjóri: Jørgen Lerdam og Flemming Quist Møller.
Leikraddir: Ævar Þór Benediktsson, Lára Sveinsdóttir, Jóhanna Vígdís Arnarsdóttir, Björgvin Frans Gíslason, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Víðir Guðmundsson, Jóhann Sigurðarson og Örn Árnason.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri.

Þriðja bíómyndin um hinn einstaka Húgó, sem er bæði sætur, snöggur og úrræðagóður. Það kemur honum sérstaklega vel þar sem hann er mjög fær um að koma sér í vandræði. Þessi teiknimynd fjallar um ævintýri Hugós og Ritu vinkonu hans.

ÍSLENSK GÆÐARÚM Í SUMARBÚSTAÐINN

Framleiðum öll rúm eftir pöntun og afgreiðum innan sólarhrings!

30% AFSLÁTTUR
AF ÍSLENSKUM HEILSURÚMUM ÚT JÚNÍ

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.

Verðdæmi:

Íslensk rúm: 90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-
Dýnur: 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-

**ÖLL ARINELDSTÆÐI
Á 50% AFSLÆTTI**

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á
GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**

Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.490,-

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



RingNet – ekki borga fyrir dauðan tíma.

DagNet	VikuNet	MánaðarNet
1 dagur Innif. gagnam. 0,25 GB Verð 490 kr.	7 dagar Innif. gagnam. 1 GB Verð 990 kr.	31 dagur Innif. gagnam. 4 GB Verð 1.990 kr.



Ring kynnir nýja netlyklabjónustu, RingNet, þar sem ekki er borgað fyrir ónýttan nettíma. Með RingNeti greiðir þú fyrirfram fyrir bjónustuna eftir því hvernig þú notar hana hvort sem það er dagur, vika eða mánuður sem hentar. Þannig að RingNet er algjörlega málið ef þú ert skuldbindingafælin/n. RingNet nýtir 3G dreifikerfi Símans sem er stærsta 3G kerfið á Íslandi.

Stærsti
vinahópur
á Íslandi

